

Niðurstöður aðalfundar Haga hf. 21. maí 2026

Meðfylgjandi má sjá niðurstöður aðalfundar Haga hf. sem haldinn var á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2 í Reykjavík þann 21. maí 2026. Fundurinn hófst kl. 15:00. Tillögur fundarins voru samþykktar svohljóðandi:

1) Ársreikningur (dagskrárliður 2)

Ársreikningur og samstæðureikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, voru lagðir fram og samþykktir samhljóða.

2) Ráðstöfun hagnaðar (dagskrárliður 3)

Tillaga stjórnar Haga hf. um greiðslu arðs sem nemur 50,0% hagnaðar ársins eftir skatta, án áhrifa matsbreytinga og afkomu hlutdeildarfélaganna, eða 3,03 krónur á hlut útistandandi hlutafjár, samtals 3.300 milljónir króna, var samþykkt samhljóða. Arðsréttindadagur verður 26. maí 2026, arðleysisdagur 22. maí 2026 og arðgreiðsludagur 2. júní 2026.

3) Þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda (dagskrárliður 4)

Tillaga stjórnar Haga hf. um 3,5% hækkun stjórnarlauna var samþykkt, þ.e. stjórnarformaður fær greitt kr. 855.000,- á mánuði, varaformaður kr. 629.000,- á mánuði og stjórnarmenn kr. 427.500,- á mánuði. Samþykkt var að laun í undirnefndum stjórnar hækki einnig um 3,5%. Laun í endurskoðunarnefnd verða kr. 114.000,- á mánuði og laun formanns tvöföld upphæð. Laun í starfskjaranefnd verða kr. 98.500,- á mánuði og laun formanns verða tvöföld upphæð. Þá var samþykkt að nefndarmönnum tilnefningarnefndar verði greitt skv. reikningi 28 þús. kr. pr./klst.

4) Starfskjarastefna (dagskrárliður 5)

Tillaga stjórnar um óbreytta starfskjarastefnu var samþykkt samhljóða.

5) Kosning þriggja fulltrúa í tilnefningarnefnd (dagskrárliður 6)

Samþykkt var samhljóða tillaga stjórnar Haga að þrjú eftirtaldir fulltrúar verði kjörnir í tilnefningarnefnd félagsins.

- Björn Ágúst Björnsson, verkfræðingur
- Kristjana Milla Snorradóttir, mannauðsstjóri
- Tryggvi Þór Haraldsson, fyrrv. forstjóri

6) Kosning stjórnar og endurskoðanda (dagskrárliður 7)

Eftirtaldir aðilar voru kosnir í stjórn félagsins til næsta aðalfundar:

- Einar Örn Einarsson, f. 1977
- Eiríkur S. Jóhannsson, f. 1968
- Eva Bryndís Helgadóttir, f. 1972
- Orri Hauksson, f. 1971
- Sigríður Olgeirsdóttir, f. 1960

Fimm voru í framboði til stjórnar félagsins og var því sjálfkjörið. Fjórir af frambjóðendum skipuðu áður stjórn félagsins.

Samþykkt var samhljóða að endurskoðunarskrifstofan PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, verði endurskoðandi félagsins fyrir komandi rekstrarár.

7) Kosning um utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd (dagskrárliður 8)

Fyrir aðalfundi lá tillaga frá stjórn Haga hf. um að Hannes Ágúst Jóhannesson, löggiltur endurskoðandi, yrði kosinn sem utanaðkomandi nefndarmaður í endurskoðunarnefnd. Var tillaga stjórnar samþykkt samhljóða.

8) Ákvörðun um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum (dagskrárliður 9)

Fyrir aðalfundi lá tillaga frá stjórn Haga hf. um að félaginu verði heimilt að kaupa á næstu 18 mánuðum allt að 10% af heildarhlutafé félagsins. Var þessarar heimildar óskað annars vegar í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun, þ.m.t. með öfugu tilboðsfyrirkomulagi, í samræmi við ákvæði 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik nr. 596/2014, sem og framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 2016/1052, samanber lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021. Hins vegar var heimildar óskað til að setja upp viðskiptavakt eða til að uppfylla skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum í samræmi við kaupréttaráætlanir félagsins. Tillagan var samþykkt samhljóða.